



Becromal Iceland ehf.
Krossanesi 4
603 Akureyri

Reykjavík, 12. apríl 2011
Tilvísun: UST20110300137/ki

Áminning og krafa um úrbætur

Umhverfisstofnun vísar í bréf stofnunarinnar, dags. 25. mars 2011, þar sem Becromal ehf. var gefinn kostur á að koma að sjónarmiðum sínum varðandi áform stofnunarinnar að veita fyrirtækinu áminningu og krafna um úrbætur vegna brota á tilteknum ákvæðum starfsleyfis fyrirtækisins, útgefið 14. júlí 2009. Umhverfisstofnun hefur móttakið svar fyrirtækisins, dags. 4. apríl 2011.

Samkvæmt grein 3.1 í starfsleyfi fyrirtækisins skal vera samfelld vöktun með sjálfvirkum greiningarbúnaði á styrk fosfór, pH-gildum og leiðni frárennslis. Fyrirtækið hefur sett upp samfellda vöktun á pH-gildum með sjálfvirkum greiningarbúnaði. Hins vegar var slíkur búnaður ekki fyrir hendi varðandi fosfór og leiðni frárennslis í eftirliti Umhverfisstofnunar þann 24. mars 2011.

Í svörum fyrirtækisins kemur fram að handvirkar mælingar og skráningar á styrk fosfórs, pH-gildum og leiðni hófust 21. mars 2011. Þann 25. mars 2011 setti fyrirtækið upp sjálfvirkan mæli til að mæla leiðni og þar með komið á samfelldri vöktun á leiðni frárennslis. Fyrirtækið pantaði búnað til að mæla fosfór í lok nóvember 2010 og er sá búnaður væntanlegur. Fyrirtækið áætlað að búnaðurinn verði uppsettur og virkur í maí 2011. Þangað til verður handvirkum mælingum og skráningu viðhaldið.

Umhverfisstofnun telur að í kjölfar bréfs stofnunarinnar hafi verið gerðar ráðstafanir sem eru til þess fallnar að tryggja að sísmælingar á leiðni séu til staðar framvegis. Umhverfisstofnun telur miðað við þessar ráðstafanir sé ekki tilefni til að knýja á um frekari úrbætur varðandi þetta skilyrði. Hins vegar sé úrbótum varðandi sísmælingu á fosfór ekki lokið en samkvæmt grein 3.1 átti sá búnaður að vera til staðar. Umhverfisstofnun telur því þörf á að áminna um þá skyldu og kveða á um að úrbætur séu gerðar fyrir tiltekinn tíma.

Samkvæmt grein 2.8 í starfsleyfi fyrirtækisins skal sýrustig (pH) í frárennslis vera á bilinu 6,5 – 9,5. Í eftirliti Umhverfisstofnunar þann 24. mars 2011 var staðfest að mælar við frárennslis sýndu gildi sem voru umfram þessi mörk. Jafnframt var í eftirlitinu skoðuð gildi í stjórnveri fyrirtækisins. Þau gögn sýndu sveiflur í pH-gildum frá 1. mars til 24. mars 2011 sem voru bæði undir og yfir mörkum starfsleyfis. Í kjölfar eftirlitsins sendi fyrirtækið niðurstöður sísmælinga á pH-gildum fyrir tímabilið 24. nóvember til 25. mars 2011. Umhverfisstofnun hefur farið yfir gögnin sem staðfesta að pH-gildi hafa verið ítrekað fyrir utan mörk starfsleyfis.

Í svörum fyrirtækisins kemur fram að fyrirtækið hafi orðið vart við aukið flökt í pH-gildum og að það hafi verið búið að gera ákveðnar uppfærslur á kerfi og aðrar ráðstafanir til að bregðast við því, svo sem að panta viðbótar skömmtunardælur, leggja lagnir og setja upp festingar fyrir dælur. Þann 25. mars hafi fyrirtækið lokið við áður undirbúnaðar uppfærslur sem hafi skilað tilætluðum árangri. Í kjölfarið hefur fyrirtækið fylgst vel með kerfinu, fínstillt reglun og afköst skömmtunardæla til að tryggja að bestu stýringu á pH-gildum. Fyrirtækið áttar að tryggja að sólarhringsmeðaltalsgildi pH fari ekki út fyrir sviðið 6,5-9,5. Jafnframt áformar fyrirtækið að ljúka við lagfæringu og fínstillingu kerfisins fyrir 1. júní 2011, bæta við söfnunartanki í rás þvottavatns til að dempa sveiflur á pH-gildum fyrir 1. maí 2011, að útfæra kerfið með þeim hætti að frárennslis komist ekki frá fyrirtækinu nema það sé með pH-gildi á sviðinu 6,5-9,5 fyrir 1. maí 2011 og láta sérfræðinga yfirfara og uppfæra kerfið þannig að það sé í samræmi við bestu fáanlegu tækni (BAT) fyrir 1. júní 2011.

Umhverfisstofnun telur að í kjölfar eftirlits stofnunarinnar hafi fyrirtækið lokið við nauðsynlegar uppfærslur á kerfi sínu til að stjórna pH-gildum. Að mati stofnunarinnar hafa því verið gerðar ráðstafanir sem eru til þess



fallnar að tryggja stjórn á pH-gildum framvegis. Umhverfisstofnun telur miðað við þessar ráðstafanir sé ekki tilefni til að knýja frekar á um úrbætur varðandi þetta skilyrði en gert hefur verið í kjölfar bréfs stofnunarinnar.

Samkvæmt grein 4.5 í starfsleyfinu skal fyrirtækið tilkynna til Umhverfisstofnunar um öll tilvik þegar bilun verður í mengunarvarnarbúnaði. Framangreindar sveiflur á pH-gildi á tímabilinu 24. nóvember til 24. mars 2011 sýna fram á að mengunarvarnarbúnaður fyrirtækisins virkaði ekki sem skyldi. Umhverfisstofnun bærust ekki tilkynningar frá fyrirtækinu um bilun í mengunarvarnarbúnaði en samkvæmt framangreindu var fullt tilefni til slíkrar tilkynningar.

Í svari fyrirtækisins kemur fram að það hafi bætt og muni enn frekar bæta innra eftirlit til þess að tryggja skráningar og tilkynningar frávik til Umhverfisstofnunar. Fyrirtækið hefur þegar komið á ferli við tilkynningar til Umhverfisstofnunar. Umhverfisstofnun hafa borist tilkynningar um frávik eftir þann 24. mars 2011 þegar fyrirtækið vann að framangreindum úrbótum.

Umhverfisstofnun telur að í kjölfar bréfs stofnunarinnar hafi verið gerðar ráðstafanir sem eru til þess fallnar að tryggja að tilkynningar um bilanir berist framvegis. Þegar hafa borist tilkynningar sem gefa til kynna að tilkynningarkerfið virki. Umhverfisstofnun telur að miðað við þessar ráðstafanir sé ekki tilefni til að knýja frekar á um úrbætur varðandi þetta skilyrði en gert hefur verið í kjölfar bréfs stofnunarinnar.

Samkvæmt því sem framan segir hefur fyrirtækið að mati Umhverfisstofnunar þegar bætt úr þeim annmörkum sem bent var á í bréfi stofnunarinnar, dags. 25. mars sl., nema að því varðar símælingar á fosfór.

Umhverfisstofnun veitir hér með Becromal ehf. áminningu, sbr. 26. gr. laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, fyrir að samfelld vöktun með sjálfvirkum greiningarbúnaði á styrk fosfórs er ekki til staðar, sbr. grein 3.1 í starfsleyfi fyrirtækisins.

Jafnframt veitir stofnunin fyrirtækinu hér með frest til 1. júní 2011 til að setja upp samfellda vöktun með sjálfvirkum greiningarbúnaði á styrk fosfórs. Þangað til framangreindur búnaður kemst í gagnið skal handvirkum mælingum á styrk fosfórs haldið áfram. Enn fremur áformar stofnunin að fara í auka eftirlit eftir 1. júní 2011 til að ganga úr skugga um að úrbótum sé lokið.

Umhverfisstofnun vill vekja athygli á að framangreind ákvörðun er kæránleg til úrskurðarnefndar um hollustuhætti og mengunarvarnir, sbr. 31. gr. laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, innan þriggja mánaða frá því að ákvörðun þessi berst fyrirtækinu, sbr. 1. mgr. 27. gr. stjórnslulaga nr. 37/1993.

Skjalið var undirritað af Sigrínu Ágústdóttur sviðsstjóra og Kristjáni Geirssyni, deildarstjóra